



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í GOLFI Í FLOKKI KARLA OG KVENNA 35 ÁRA OG ELDRI

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í golfi í flokki karla og kvenna 35 ára og eldri.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Hún skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbb a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari skal hafa landsdómararéttindi.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þátttökugjöld og sér sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma um innheimtu. Þátttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttakendur skulu tilkynna um þátttöku til þess klúbbs sem heldur mótið a.m.k. 3 dögum fyrir fyrsta mótsdag (t.d. í síðasta lagi kl. 23:59 á mánudegi ef mótið hefst á fimmtudegi). Mótsstjórn getur þó heimilað þátttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn



ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

6. gr.

Þátttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þátttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.

2. Kafli

7. gr.

Keppt skal í eftirtöldum flokkum. Aldur miðast við almanaksár.

Flokki karla (35 ára og eldri)

Flokki kvenna (35 ára og eldri)

Þátttökurétt öðlast erlendis kylfingar ekki fyrr en eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlendis. Mótsstjórn er heimilt að takmarka rétt til þátttöku við forgjöf. Ákvörðun um hámarksforgjöf og hámarksfjölda keppenda skal kynnt í keppnisskilmálum.

Halda má samhliða keppni með forgjöf.

Leiknar skulu 54 holur á þremur dögum.

8. gr.

Skyllt er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

9. gr.

Ef jafnt er að loknum 54 holum skal leika þriggja holu umspil og síðan bráðabana ef þörf er um 1. sæti. Um 2. og 3. sæti skal leikinn bráðabani.

Veita skal þrenn verðlaun í hverjum flokki og skal farandgripur fylgja 1. verðlaunum.

Ef jafnt er með forgjöf gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

10. gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá keppendur í hverjum ráshóp.



11. gr.

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistari í flokki 35 ára og eldri og í flokki með forgjöf, meistari þess flokks.

12. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

13. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSÍ, 12. apríl 2017.